



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hlíð

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Leiðarljós leikskólans:..... | 3 |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra | 3 |
| 2 Innra mat deilda | 6 |
| 2.1 Innra mat á Baulu og Keilis vegna starfsársins 2018-2019..... | 4 |
| 2.2 Innra mat á Grábrók vegna starfsársins 2018-2019..... | 5 |
| 2.3 Innra mat á Öskju vegna starfsársins 2018-2019..... | 7 |
| 2.4 Greinargerð sérkennslustjóra vegna starfsársins 2018-2019..... | 9 |
| 3 Ytra mat | 12 |
| 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla..... | 12 |
| 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva..... | 12 |
| 6 Foreldrasamvinna | 12 |
| 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal | 13 |
| 8 Fylgigögn..... | 13 |
| 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning | 13 |
| 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku..... | 14 |
| 8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs | 16 |



Leiðarljós leikskólans:

Okkar framtíðarsýn - leiðarljós er að allt nám fari fram í gegnum leik. Við vinnum að skapandi og fjölbreyttu leikskólastarfi þar sem félagsfærni, skapandi starf og umhverfisvitund/umhverfismennt verða okkar áhersluþættir. Að markviss samvinna starfsfólks, foreldra, barna og grenndarsamfélagsins ríki. Okkar gildi sem eiga að skína í gegnum allt leikskólastarfið er

VINÁTTA- VIRÐING- VELLÍÐAN

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið byrjaði með svipuðum hætti og undanfarin ár með bjartsýni og tilhlökkun í starfsmannahópnum. Þegar flest var í skólanum voru 106 börn á 6 deildum, en ekki gekk að fylla yngstu deildirnar í Eskihlíðinni. Árið einkenndist af fjölbreyttum verkefnum og áskorunum hjá börnum, foreldrum og starfsfólki. Leikskólinn var opinn frá 07:30-17:00 og erfiðlega gekk að manna þennan tíma. Meðal annars vegna þess að í starfsmannahóp okkar eru foreldrar ungra barna sem kjósa að vinna ekki lengur en til 16:30 hið mesta.

Starfsmannahald var nokkuð stöðugt og borið uppi af 10-12 manna sterkum kjarna. Á síðasta skólaári vorum við með 6 leikskólakennara starfandi auk grunnskólakennara og háskólamenntaðra starfsmanna t.d. tónskáld, mannfræðing og íþróttufræðing. Einn starfsmaður er í leikskólakennaranámi. Ekki gekk að manna eina deildarstjóra stöðu fyrr en í lok skólaársins. Um mánaðarmótin júní/júlí var búið að gera starfslokasamning við 8 starfsmenn og er það svipað og undanfarin ár. Fyrir næsta skólaár erum við búin að endurheimta öflugan deildarstjóra sem jafnframt tekur að sér 25% sérkennslustjórastöðu. Við höfum ráðið í 4 nýjar stöður fyrir næsta vetur og erum að fá til baka starfsmann úr fæðingarorlofi.

Langtímaveikindi voru að hrjá okkur á síðasta skólaári. Nokkrir lykilstarfsmenn voru frá að hluta til eða allt skólaárið og kom það óneitanlega niður á starfinu. Þrátt fyrir það sendum við börnin ekki oft heim á síðasta skólaári, eða einungis 7 sinnum um seinnipart dags og einu sinni þurftum við að loka deild allan daginn.

Það kom öllum gleðilega á óvart að ákveðið var að fara í framkvæmdir í garðinum í Engihlíðinni. Lykilstjórnendur höfðu mikið að segja um útfærslu og endanlega niðurstöðu á hönnun garðsins og var almenn ánægja með það. Eins og oft gerist þá tafðist verkið fram úr hófi og tók vinnan heilt ár í framkvæmd. Það reyndi verulega á alla og á starfsfólk hrós skilið fyrir s.l. vetur. Næst komandi nóvember munum við halda opunarhátíð garðsins þar sem foreldrum, börnum, fyrrum nemendum og velunnendum skólans verður boðið að fagna með okkur.



Vinnueftirlitið gerði athugasemdir við að einungis væri eitt salerni fyrir allan starfsmannahópinn í Engihlíðinni. Ákveðið var að fara í framkvæmdir í sumar en það gekk ekki eftir og þurfti að hótta dagsektum til að verkið færi af stað. Hófust framkvæmdi í nóvember 2019 og eru áætluð verklok í desember 2019. Í maí var hljóðmengun mæld á tveimur deildum, Laka og Grábrók en ljóst er að hljóðvist er mjög ábótavant á þessum deildum. Við erum ekki búin að fá niðurstöður úr þessum mælingum.

Áherslur næsta skólaárs

Ungbarnadeild var opnuð í Eskihlíðinni 20. ágúst 2019 og nýr deildarstjóri ráðinn. Hiti var settur í gólfið og gerðar breytingar á skiptiaðstöðu. Þegar þessum vetri lýkur endurmetum við hvernig þetta gekk.

Við erum þátttakendur í verkefni landlæknisembættisins um heilsueflandi leikskóla. Markmið þess verkefnis er að heilsuefling verði hluti af daglegu lífi í leikskólanum. Um er að ræða átta lykilþætti: *hreyfing, mataræði, öryggi, tannheilsa, fjölskyldan, nærumhverfi og starfsfólk*. Í tengslum við þetta verkefni höfum við áhuga á að auka samstarf okkar við íþróttafélagið Val og er það verkefni enn á hugmyndastigi. Þess má geta að rúmlega 70% starfsmanna í Hlíð labba, hjóla eða nota strætó til að komast til vinnu.

Í tengslum við innleiðingu á nýrri menntastefnu, Látum draumana rætast, erum við að innleiða vinnu með félagsfærni. Ákváðum við að byrja að vinna með Vinaverkefni Barnaheilla, Blær bangsi, og sótti allt starfsfólk námskeið um það efni á skipulagsdegi í nóvember. Tvær elstu deildirnar eru enn fremur að þróa vinnulag í tengslum við barnasáttmálann og hafa sótt námskeið tengt þeirri vinnu.

Við munum skima öll 3-4 ára börn með Efi2 málproskaprófi og nýta þær niðurstöður í vinnu með börnunum. Þau börn sem koma illa út úr skimunum munu fá aukið ílag í málörvun í samráði við foreldra þeirra. Einnig verður lögð meiri áhersla á málörvun erlendra barna og mun sérkennslustjóri í 25% stöðu taka börnin skipulega í málörvun.

Í dag horfum við á mikla aukningu depurðar og kvíða hjá unga fólkinu okkar og allt niður í leikskólabörn. Við teljum að efling félagsþroska og sjálfsefningar sé leið til þess að takast á við þessa þróun. Leiðarljósið okkar í Hlíð byggist á einkunnarorðum skólans sem eru: Virðing – vinátta – vellíðan. Í því felst sú sýn að nemendum okkar líði vel tilfinningalega jafnt sem líkamlega, þeir séu félagslega færir og skilji mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Í skólanámskrá okkar er félagsfærni gert hátt undir höfði og munum við tengja menntastefnu og innleiðingu skólanámskrá undir handleiðslu stjórnendateymis skólans.



Í verkefninu verður unnið með:

1. Félagsfærni (Grundvallarþáttur menntastefnunnar)
2. Sjálfsefling (Grundvallarþáttur menntastefnunnar)

1. Félagsfærni (Grundvallarþáttur menntastefnunnar)

Vinna með félagsfærni á leikskólaárunum er undirstaða góðra samskipta og hefur áhrif á alhliða þroska nemenda okkar. Í leikskólanum Hlíð lítum við svo á að hver nemandi sé einstakur með sínar þarfir og langanir. Jákvæð sjálfsmýnd skiptir miklu máli í félagslegum samskiptum sem leiðir til betri félagsfærni og vellíðunar.

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Félagsfærni felur t.d. í sér ákveðna hreyfifærni, málfærni og vitsmunapróska.

Við leggjum áherslu á að:

- efla málþroska nemenda til þess að þau geti átt í þroskandi samskiptum,
- hafa jákvæð samskipti að leiðarljósi í öllu skólastarfi,
- nemendur hafi tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- nemendur fái að tjá sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði, sýni frumkvæði og sköpunarmátt,
- málörvun sé skemmtileg, þar sem leikurinn er í aðalhlutverki,
- njóta þess að hlusta á, semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- nemendur fái að vera óhræddir við að tjá sig, deila skoðunum sínum og hugmyndum með öðrum,
- nemendur fái að nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar,
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Hvaða leiðir förum við?

- starfsfólk er fyrirmyndir og kemur fram við nemendur, foreldra og annað starfsfólk af virðingu og umburðarlyndi,
- við hvetjum til sköpunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá nemendum,
- við hvetjum til sjálfshjálpar og sjálfsbjargarviðleitni,
- við gefum nemendum nægan tíma til leiks sem er góð námsleið að aukinni félagsfærni,
- við leggjum áherslu á hreyfiþroska sem eflir sjálfsmýnd nemenda og stuðlar að vellíðan, gleði og ánægju,
- við kennum viðeigandi leiðir til að eiga í góðum samskiptum við hvert annað, t.d. til þess að leysa úr ágreiningi (tala, ekki lemja),
- við eflum málþroska nemenda til þess að þeir geti átt í þroskandi samskiptum,
- við höfum jákvæð samskipti að leiðarljósi í öllu skólastarfi.

2. Sjálfsefling (Grundvallarþáttur menntastefnunnar)

Einn af þeim hugtökum sem tengjast félagsfærni er *sjálfsefling* sem er einn af grundvallarþáttur menntastefnunnar. Starf okkar byggjast á að nemendur og starfsfólk beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, umburðarlyndi, tillitsemi og vináttu. Þessir þættir eru undirstaða góðra samskipta og hvetja þannig barnið til sjálfsefling. Sem leiðir til trú á eigin getu og sterkari sjálfsmýnd.



Framkvæmd

- Fá fræðslu frá viðurkenndum fagaðilum um félagsfærni, sjálfseflingu
- Að geta verið leiðtoga og góðar fyrirmyndir sem geta stjórnað barnahóp í markvissu starfi með börnunum.
- Innleiðing á verkefninu „Vinátta „ frá Barnaheill.
- Fá fræðslu frá fagfólki á SFS
- Starfsmannafundur þar sem unnið verður með félagsfærni og sjálfseflingu
- Vinna með fjölbreytt samfélagsverkefni
- Vinna með verkefni sem tengja og rækta samband skólasamfélagsins og nærsamfélagsins.

Tímaáætlun:

- Haust önn 2019 verði byrjað á námskeiðum fyrir starfsfólk og innleiðing verkefnisins.
- Haust önn 2019 verði áframhaldandi fræðsla fyrir starfsfólk og innleiðing vináttu verkefnis Barnaheilla.
- vor önn 2020 verður áframhaldandi fræðsla með áherslu á Barnasáttmálann

Mat á verkefni:

- Matlistar í janúar / að vori
- rýnihópar á skipulagsdegi að vori 2020

2 Innra mat deilda

2.1. Innra mat á Baulu og Keilis vegna starfsársins 2018-2019

| Umbótaþættir Á Baulu og Keili | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|----------------------------------|-------------------------|------------------------------------|--|--|--|---|
| Hvað þarf að bæta? | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmu m við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnih ópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |



| | | | | | | |
|--|--|---|----------------------------|--|--|--|
| Málörvun | Að allt námsumhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska þeirra. Nota myndir og ritmál | Markviss kennsla í litlum hópum og í gegnum daglegt starf á deildinni | Sept. 2019 - júní 2020 | Deildastjóri. | Rýnivinna starfsmanna deildarinnar fer fram á deildarfundu m. | Að börnin nái tókum á íslensku tungumáli, bæði málskilningi og bæti við sig orðaforða |
| Starfsfólkið taki virkan þátt í leik barnanna og leiði hann áfram | Að börnin öðlist færni í að nýta leikefnið, bæði hefðbundið og óhefðbundið til náms og þroska Einnig að öll börnin fái athygli | Að starfsfólkið sé ávallt til staðar til að styðja við þróun leiksins. Búa markvisst til stundir 1x á dag með fáum börnum í hóp. Fara með þeim í leik, samveru og spjall. | Október 2019 til júní 2020 | Allt starfsfólk deildarinnar tekur þátt í skipulagningu og undirbúningi stundanna en einn gerður ábyrgur fyrir framkvæmd | Rýnivinna starfsmanna deildarinnar fer fram á deildarfundu m. Starfsmenn haldi myndskráningu | Við munum fara yfir og meta hvort við erum að ná settum markmiðum á deildarfundum á 2ja mánaða fresti. |
| | | | | | | |
| | | | | | | |

2.2 Innra mat á Grábrók vegna starfsársins 2018-2019

Starfið á síðasta ári gekk almennt nokkuð vel. Við vorum með fjölbreytt hópastarf og það sem var unnið þar og í samverustundum var gert af gleði og ýtti undir þátttöku barna og nám þeirra. Starfsfólk var duglegt við að styðja við börnin í samskiptum og var samstíga í því hvernig unnið var með hegðun og það setti skýr og sanngjörn mörk. Þó má alltaf bæta þetta og unnið verður



áfram með þennan þátt. Að ræða þessa hluti á deildarfundum og eins að gefa starfsfólki greinar að lesa um samskipti, mörk og hegðun hefur skilað miklu.

Á síðasta skólaári var ekki nógu mikil áhersla lögð á áhugasvið barnanna og að fylgja eftir því hvert hugur þeirra leitar. Leikefnið sem í boði var var ekki nægilega ígrundað svo nú þykir kominn tími á að þróa það frekar. Í ytra mati sem gert var fyrir nokkrum misserum lögðu matskonur áherslu á að hlutverkaleikurinn fengi meira svigrúm og það erum við byrjuð að vinna með á deildinni.

Málörvun í daglegu starfi hefur gengið ágætlega en má mikið bæta. Einn starfsmaður á deildinni hefur annað tungumál en íslensku og þrátt fyrir að vera að bæta íslenskukunnáttu sína nær hún hvorki að skilja börnin vel né að ýta undir málþroska þeirra. Leggja þarf meiri áherslu á að nota ríkan orðaforða með börnunum og deildarstjóri þarf að fara betur yfir það með starfsfólki hvers konar efni er hægt að nota til að efla tungumálið, þannig að auk bóka séu spil, myndir og málörvunarefni í meiri notkun í starfinu. Sérkennslustjórar hafa það nú að markmiði að bjóða upp á málörvunarhópa, auk þess sem deildarstjóri sér um að bjóða upp á meiri málörvun fyrir þau börn sem þurfa.

| Umbóta- þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma- áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|--|--|---|--|---|--|--|
| Hvað þarf að bæta? | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmu m við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Að börnin fái að hafa meiri áhrif á starfið | Leggja meiri áherslu á áhugasvið barnanna | Vera á staðnum með börnunum og fylgjast með áherslum í leik þeirra. | Frá hausti 2019 | Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar | Vera með börnunum í leik og aðlaga leikefnið sem er í boði að áhuga barnanna | Við sjáum leikinn þróast. |
| Efla hlutverkale ikinn | Efla félagslega færni og færni til tjáningar í | Koma inn með leikefni sem ýtir undir þykjustuleik og vera með | Frá hausti 2019 | Deildarstjóri | Nýtt það sem til er í húsinu og einnig hafa foreldrar komið með | Leikurinn þróast og börnin fá að reyna á færni sína til samskipta hvert við annað. |



| | | | | | | |
|--|---|--|---|--|---|---|
| | gegnum þykjustuleik | þeim í leiknum til að styðja við samskipti | | | efnivið að heiman, sem annars færi í endurvinnslu | |
| Vinna með krefjandi hegðun og að setja mörk | Að starfsfólk skilji jákvæða styrkingu og hvernig má best leiðbeina börnum til að eiga árangursrík samskipti við umhverfi sitt. | Samræming í vinnubrögðum starfsfólks | Alltaf verið að vinna með þetta | Deildarstjóri | Símetið, alltaf endurskoðað á deildarfundum | Árangur sést t.d. í að krefjandi hegðun minnkar og að börnin finna sig sterk í að fylgja fyrirmælum og eiga uppbyggjandi félagsleg tengsl við aðra. |
| Málörvun á deildinni | Að öll börn fái málörvun og fylgst sé með málþroska þeirra. | a)Nota skýrt og auðugt mál í daglegu starfi. b)Nota á markvissari hátt málörvunarefnið sem til er í leikskólanum. c) Þjóða upp á málörvunarstundir fyrir þau börn sem þurfa meiri örvun. | Alltaf verið að vinna með þetta en ríkari áhersla frá hausti 2019 | a)Allir starfsmenn. b)Deildarstjóri hefur umsjón en allt starfsfólk framkvæmir.c)Deildarstjóri sér um málörvun og einnig stendur til að sérkennslustjórar stýri málörvunarhópum. | Símetið, alltaf endurskoðað á deildarfundum | Framfarir í málþroska barnanna og geta þeirra til að tjá sig á árangursríkan hátt eykst. |

2.3 Innra mat á Öskju vegna starfsársins 2018-2019

| Umbóta þættir Ytra mat | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---------------------------|---------------------|---------------------|------------|---------------|-----------------------------|-------------------|
|---------------------------|---------------------|---------------------|------------|---------------|-----------------------------|-------------------|



| Hvað þarf að bæta? | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
|---|---|--|-------------------------------|-----------------------------------|--|---|
| Marvissari vinna með læsi í starfi deildarinnar | Efla læsi | Hafa ritmál sýnilegt. Merkja alla kassa, stafróf á vegg og nöfn barnanna. Skráningar sýnilegar. Gott aðgengi að bókum og ritföngum. Lesa á hverjum degi. Markviss málörvun í hópstarfi. Samvera með söng, þulum, rími og lestri. | Sept. 2019 | Deildarstjóri | Mat í hópstarfi | Vinna samkvæmt læsisstefnu Reykjavíkur Hafa ritmál sýnilegt, Efla Málþroska og hljóðkerfisvitund Horfa á læsi í víðum skilning t.d. félagslæsi, og umhverfislæsi. |
| Móta reglur og vinna með þeim | Reglur deildar ákveðnar með nemendum Hafa reglurnar sýnilegar | Reglur samdar eftir umræðufund með nemendum. Reglur hafðar sýnilegar á deild og farið reglulega yfir þær. | Sept. 2019 | Deildarstjóri | Reglur eru sýnilegar og enduskoðaðar á hverju hausti með nýjum hóp barna | Á Öskju setja börnin reglur í samvinnu við starfsmenn. Við reynum að sneiða fram hjá neikvæðum reglum en hvetjum til þess að reglur séu jákvæðar |
| Tími fyrir frjálsan leik | Setja frjálsan leik inn í dagskipulag. Styðja við börnin í leik á | Setjum frjálsan leik inn í dagskipulag. Þjóðum upp á efnivið sem hvetur þau til að þróa | Sept. 2019 | Deildarstjóri | Myndbönd, ljósmyndir, mat barna eftir áramót, mat starfsmanna | Börn ánægð og starfsmenn sá þróun í leikum |



| | | | | | |
|--|---|--|--|---------------------------------|--|
| eigin forsendum. Börnin séu skapandi í leik. | leikinn. Starfsmenn fræðast um gildi leiks. Börn fá nægan tíma í frjálsan leik. | | | unnið á skipulagsdegi að vori . | |
|--|---|--|--|---------------------------------|--|

2.4 Greinargerð sérkennslustjóra vegna starfsársins 2018-2019

Á þessu starfsári voru þrjú börn með sérstakt fjármagn eða tíma vegna sérkennslu. Tvö börn voru með fjármagn, annað barnið með fjármagn sem á að samsvara 5 tímum á dag og annað barn með fjármagn sem á að samsvara 4 tímum á dag. Eitt barn var í 1. flokki með 8 tíma í stuðning á dag. Öll þessi börn voru á sömu deildinni.

Tveir aðilar sinntu þessum stuðningi og stóran hluta ársins vantaði því fleira starfsfólk í sérkennsluna. Annar starfsmaðurinn var þar að auki í námi og hann vantaði því af og til. Deildarstjóri deildarinnar tók þátt í stuðningnum og á meðan hún gerði það sá stuðningsaðilinn um hennar störf á deildinni.

Öll þessi börn voru með stuðning inni á deildinni og fóru lítið sem ekkert út af deildinni.

Stuðningurinn var settur upp þannig að hann skiptist á milli þessara þriggja starfsmanna. Þetta gerum við bæði til að álag á hvern starfsmann verði ekki of mikið og eins svo að börnin sjálf festi sig ekki of mikið við einhvern einn starfsmann.

Barnið sem var í 1.flokki var með mjög erfiða hegðun og varð því að fá sinn stuðning þegar það vantaði fólk. Stuðningur hinna tveggja barnanna varð því oft minni þegar fólk vantaði. Þess má þó geta að mál barnanna þriggja voru oft rædd á deildarfundum og allt starfsfólk deildarinnar því vel undirbúið að sinna þörfum þeirra sérstaklega.

Málörvun inni á deildum var í höndum deildarstjóra. Sérkennslustjóri náði ekki að sinna málörvun inni á deildum nema að litlu leiti sökum anna.

Á elstu deildinni var unnið með þau börn sem komu illa út úr Hljóm-2 prófinu.

Deildarstjórar sáu um málörvun tvítyngdra barna eftir því sem tími gafst til. Sérkennslustjóri koma aðeins að þeim málum líka. Þetta er hins vegar þáttur sem þarfnast úrbóta við.

Leikskólinn leitast við að vera með snemmtæka íhlutun. Ákveðið ferli fer af stað ef áhyggjur vakna um þroska barna. Foreldrar eru boðaðir á fund og farið yfir málið. Foreldrar eru beðnir um að fylla út matslista sem sérkennslustjóri getur unnið úr. Í framhaldi af því er annar fundur og þar er tekin ákvörðun um hvort sækja skuli um mat frá talmeinafræðingi PVMH, sálfræðingi



ÞVMH eða hvort við þurfum aðstoð hegðunarráðgjafa. Alltaf er unnið í góðu samráði við foreldra. Við nýtum okkur skimanir eins og Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann, Orðaskil og Hljóm-2 til að finna þau börn sem þarfnast aðstoðar við.

Fyrir þau börn sem hafa skilgreindan sérstuðning er unnin einstaklingsnámskrá. Sérkennslustjóri vinnur þá námskrá í samvinnu við starfsmanninn sem sinnir stuðningnum og í samvinnu við deildarstjóra og foreldra. Greiningar og skimanir eru notaðar við gerð einstaklingsnámskrár. Einnig fyllum við út AEPS matslistann okkur til aðstoðar ef þurfa þykir. Einstaklingsnámskrárnar eru endurskoðaðar á teymisfundum. Einstaklingsnámskrár barnanna eru notaðar sem leiðarvísir í vinnu með barnið. Allt starfsfólk deildarinnar hefur greiðan aðgang að þeim. Stuðningsaðilar sjá um að skrá árangur.

Teymisfundir voru haldnir á um 6-8 vikna fresti. Þá fundi sátu foreldrar, sérkennslustjóri, deildarstjóri, stuðningsaðili barnsins, sérkennsluráðgjafi ÞVMH og ráðgjafi frá GRR.

Samstarf við ÞVMH var mjög gott og bæði sérkennsluráðgjafi, hegðunarráðgjafi og nýtilkominn talmeinafræðingur komu þaðan og veittu deildarstjórum, stuðningsaðilum og foreldrum ráðgjöf. Við sendum inn um 10 beiðnir til ÞVMH um aðstoð sálfræðings, hegðunarráðgjafa eða talmeinafræðings.

Mikill tími sérkennslustjóra fer líka í að veita ráðgjöf, fræðslu og stuðning inn á deildir.

Þeir þættir sem þarf að bæta næsta vetur eru:

- Að auka málörvun þeirra barna sem eru með slakan málþroska og þeirra barna sem eru tvítýngd og þess vegna með litla íslensku.
- Að útbúa námskrár fyrir þau börn sem hafa farið til talmeinafræðinga og fengið frávík staðfest en eru þó ekki með sérkennslutíma.
- Að bæta EFI-2 skimunarlistanum við þær skimanir sem við erum að nota nú þegar. Hann mun hjálpa okkur að finna þau börn sem þurfa aðstoð.

| Umbótaþættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|--------------------|----------------------|---------------------|-----------------|------------------|--|---|
| Hvað þarf að bæta? | Að hverju er stefnt? | Hvernig fram- | Hvenær hefst og | Hver ber ábyrgð? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihóp | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði |



| | | | | | | |
|--|---|--|---|------------------------------------|----------------------|---|
| | | kvæmum við það? | hvenær lokið? | | ur, safna gögnum) | sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Að auka málörvun barna með slakan málproska og barna sem eru tvítyngd og því með litla íslensku | Að auka málproska barna sem standa höllum fæti í tungumálinu. | Að gera áætlanir um hvað þarf að vinna með, hver vinnur og hvenær. | Áætlanagerð fari fram í ágúst og verði lokið í september. | Sérkennslustjóri og deildarstjórar | Í janúar og maí 2020 | Að börnin nái markmiðum sem voru sett í upphafi með einstaklingsnámskrá. Að tvítyngdu börnin auki orðaforða sinn. |
| Að útbúa námskrár fyrir börn sem eru með greiningu frá talmeinafr. | Að unnið verði markvisst með börnin. | Sérkennslustjóri útbýr námskrárna með aðstoð fyrirbyggjandi gagna, for. og deildarstj. | Vinna fari fram í ágúst og september | Sérkennslustjóri og deildarstjórar | Í janúar og maí 2020 | Að börn með greiningar frá talmeinafræðingi verði öll með námskrár. |
| Að bæta EFI-2 skimunarlistanum við skimanir lsk | Að ná betri þekkingu á málskilningi og máltjáningu 4 ára barna í lsk. | Að sérkennslustjóri fari á námskeið í EFI-2 listanum og skimi síðan börnin. | Október 2019 til mars 2020 | Sérkennslustjóri | Vor 2020 | Að það náist að skima öll 4 ára börn í lsk. |



3 Ytra mat

- Gerið grein fyrir helstu niðurstöðum ytra mats á síðasta starfsári. Mikilvægt er að setja fram styrkleika og tækifæri til umbóta í punktaformi og tækifæri til umbóta fari áfram í matsáætlun/umbótaáætlun skólans.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl fara fram á skrifstofu leikskólastjóra í febrúar – mars.starf vetra
- Skipulagsdagar, námskeið og fyrirlestrar 2018-2019
 - 21. September 2018 – Deildarfundir – vetrarstarfið skipulagt.
 - 12. Nóvember 2018 – Jákvæð samskipti á vinnustað/Pálmi Ragnarsson, hópavinna v/námsskrár.
 - 18. Janúar 2019 – Erindi um leikskóla/ungbarnadeildir í Kaupmannahöfn/Lára Sigurþórsdóttir.
 - 1. Mars 2019 – Kynning á menntastefnu Reykjavíkurborgar/Ásdís Olga Sigurðardóttir; Gefðu 10/Jórunn Ella Þórðardóttir; Kynning á Völu viðverukerfi fyrir deildarstjóra/Ólafur Brynjar Bjarkason leikskólastjóri Hagaborg.
 - 2. Og 3. Maí 2019 – Námsferð til Brighton: Reflection Nursery School (Reggio og Forest school); Storytelling og Story Sack.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börnin í leikskólanum fara í heimsókn í Hlíðaskóla í febrúar og fá að koma inn í kennslustund. Í apríl er þeim boðið á leiksýninguna Rauðhetta og úlfurinn sem fyrsti bekkur setur á svið ár hvert. Síðan er hin hefðbundna heimsókn með foreldrum í vorskólann.

6 Foreldrasamvinna

- Kosning í foreldraráð var haldin 18. október 2018. 2 fulltrúar buðu sig fram.
- Foreldrafundir voru haldnir í byrjun október á hverri deild fyrir sig kl. 8:30-9:30. Á þeim er farið yfir skipulag deildar, hagnýtar upplýsingar og áherslur á komandi vetri.
- Formleg foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, í nóvember og mars. Deildarstjórar taka foreldraviðtöl en sérkennslustjóri situr líka viðtöl ef tilefni þykir til. Komið er til mótis við foreldra með því að hafa viðtöl systkina á sama degi. Fenginn er túlkur ef foreldrar tala ekki íslensku.
- Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á fundi sem félagið boðar til að hausti. 5-7 fulltrúar eru kosnir. Þeir koma saman eftir þörfum og eru einni í tölupóstssamskiptum. Foreldrafélagið sér um ákveðnar hefðir í leikskólanum s.s. jólaball og leiksýningu í desember, sveitaferð, sumarhátíð sem haldin var í garðinum í Eskihlíðinni, Öskjuhlíðardag þar sem farið er í ratleik, hitting á Klambratúni á veturnar o.fl. Einnig hefur foreldrafélagið tekið þátt í kostnaði við útskriftarferð elstu barnanna. Á aðalfundi hefur félagið boðið upp á fyrirlestur fyrir foreldra.



7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskóladagat - fylgiskjal

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

| Vísbending | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|---|-------------------|--|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum? | 1 | |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum | 2 | |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | 3 | |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum? | 3 | |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum? | Nei | Í vinnslu |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum? | Já | |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk) | já | |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun? | já | |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning? | já | |
| Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma? | já | |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra? | já | |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir? | já | Þjónustumiðstöð, skóla og frístundasvið, greiningarstöð, heyrna og talmeinastöð, heilsugæsla |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans? | já | |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna? | já | |



8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Veit ekki hvernig á að fylla þetta út, var eitthvað skipulagt með þessi börn

| Vísbending | Já eða nei | Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi |
|--|------------|-----------------------------------|
| Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi | | |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða) | | |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? | | |
| Er fylgst með framförum barnanna? | | |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun | | |

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans ...Hlíð v/.Engihlíð og Eskihlíð.....

____Elísabet S Auðunsdóttir_____
Leikskólastjóri Dagsetning





Starfsáætlun 2019 – 2020
Leikskólinn Hlíð

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anton Rúnarsson

Fanný Adela Österby Christensen

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráðið samþykkir starfsáætlun leikskólans Hlíðar 2019-2020

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|-----------------------------|---------------------------------|----------------------------|---------------------------------|----------------------------------|-----------------------------|--------------------------------|------------------------------------|---|-------------------------|------------------------|------|
| 1 F | 1 S | 1 Þ Foreldrafundur kl.8:30 | 1 F Foreldraviðtöl | 1 S Fullveldisdagurinn | 1 M Nýársdagur | 1 L | 1 S | 1 M Foreldraviðtöl | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M Annar í hvítasunnu | 1 M |
| 2 F | 2 M | 2 M Foreldrafundur kl.8:30 | 2 L | 2 M | 2 F | 2 S | 2 M Foreldraviðtöl | 2 F Foreldraviðt. Blár dagur | 2 L | 2 Þ | 2 F |
| 3 L | 3 Þ | 3 F Foreldrafundur kl.8:30 | 3 S | 3 Þ | 3 F skipulagsdagur -sam. | 3 M | 3 Þ Foreldraviðtöl | 3 F Foreldraviðtöl | 3 S | 3 M Skipulagsdagur | 3 F |
| 4 S | 4 M | 4 F Foreldrafundur kl.8:30 | 4 M Foreldraviðtöl | 4 M Kakódagur í Engihlíð | 4 L | 4 Þ | 4 M Foreldraviðtöl | 4 L | 4 M | 4 F | 4 L |
| 5 M Frídagur verslunarmanna | 5 F | 5 L | 5 Þ Foreldraviðtöl | 5 F Kakódagur í Eskihlíð | 5 S | 5 M | 5 F Foreldraviðtöl | 5 S Pálmásunnudagur | 5 Þ | 5 F | 5 S |
| 6 Þ | 6 F | 6 S | 6 M skipulagsdagur-sam. | 6 F | 6 M brettándinn | 6 F Dagur leikskólans | 6 F Foreldraviðtöl | 6 M | 6 M | 6 L | 6 M |
| 7 M | 7 L | 7 M | 7 F Foreldraviðtöl | 7 L | 7 Þ | 7 F Skipulagsdagur | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S Sjómannadagurinn | 7 Þ |
| 8 F | 8 S Dagur læsis | 8 Þ Foreldrafundur kl.8:30 | 8 F foreldraviðtöl/Baráttudagur | 8 S | 8 M | 8 L | 8 S | 8 M | 8 F | 8 M | 8 M |
| 9 F | 9 M | 9 M | 9 L | 9 M | 9 F Ljósadagur | 9 S | 9 M Foreldraviðtöl | 9 F Skírdagur | 9 L | 9 Þ | 9 F |
| 10 L | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 Þ | 10 F | 10 M | 10 Þ Foreldraviðtöl | 10 F Föstudagurinn langi | 10 S | 10 M | 10 F |
| 11 S | 11 M | 11 F Bleikur dagur | 11 M Foreldraviðtöl | 11 M | 11 L | 11 Þ | 11 M Foreldraviðtöl | 11 L | 11 M | 11 F Íþróttadagur | 11 L |
| 12 M | 12 F | 12 L | 12 Þ Foreldraviðtöl | 12 F Jólaleikrit/leikhús í tösku | 12 S | 12 M | 12 F Foreldraviðtöl | 12 S Páskadagur | 12 Þ | 12 F | 12 S |
| 13 Þ | 13 F | 13 S | 13 M Foreldraviðtöl | 13 F Rauður dagur | 13 M | 13 F | 13 F Foreldraviðtöl | 13 M Annar í páskum | 13 M | 13 L | 13 M |
| 14 M | 14 L | 14 M | 14 F Foreldraviðtöl | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 L | 14 Þ Skipulagsdagur | 14 F | 14 S | 14 Þ |
| 15 F | 15 S | 15 Þ | 15 F Foreldraviðtöl | 15 S | 15 M | 15 L | 15 S | 15 M | 15 F | 15 M | 15 M |
| 16 F | 16 M Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | 16 L Dagur íslenskrar tungu | 16 M | 16 F | 16 S | 16 M Foreldraviðtöl | 16 F | 16 L | 16 Þ | 16 F |
| 17 L | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 Þ | 17 F | 17 M | 17 Þ Foreldraviðtöl Stóri innritun | 17 F Grænn dagur | 17 S | 17 M Lýðveldisdagurinn | 17 F |
| 18 S | 18 M | 18 F | 18 M Foreldraviðtöl | 18 M | 18 L | 18 Þ | 18 M Foreldraviðtöl | 18 L | 18 M | 18 F | 18 L |
| 19 M | 19 F | 19 L | 19 Þ Foreldraviðtöl | 19 F | 19 S | 19 M | 19 F Foreldraviðtöl | 19 S | 19 Þ | 19 F | 19 S |
| 20 Þ | 20 F Skipulagsdagur | 20 S | 20 M Dagur mannréttinda barna | 20 F | 20 M | 20 F | 20 F Foreldraviðtöl | 20 M | 20 M | 20 L | 20 M |
| 21 M | 21 L | 21 M | 21 F | 21 L | 21 Þ | 21 F Konukaffi | 21 L | 21 Þ Barnamenningarhátíð | 21 F Uppstigningardagur | 21 S | 21 Þ |
| 22 F | 22 S | 22 Þ | 22 F | 22 S | 22 M | 22 L | 22 S | 22 M Barnamenningarhátíð | 22 F | 22 M | 22 M |
| 23 F | 23 M | 23 M | 23 L | 23 M Þorláksmessa | 23 F | 23 S Konudagur | 23 M Foreldraviðtöl | 23 F Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð | 23 L | 23 Þ | 23 F |
| 24 L | 24 Þ | 24 F | 24 S | 24 Þ Aðfangadagur jóla | 24 F Karlakaffi/ Bóndadagur | 24 M Bolludagur | 24 Þ Foreldraviðtöl | 24 F Barnamenningarhátíð | 24 S | 24 M Sjórnæingjadagur | 24 F |
| 25 S | 25 M | 25 F Bangsadagurinn | 25 M | 25 M Jóladagur | 25 L | 25 Þ Sprengidagur | 25 M Foreldraviðtöl | 25 L Barnamenningarhátíð | 25 M | 25 F | 25 L |
| 26 M | 26 F Evrópski tungumáladagurinn | 26 L Fyrsti vetrardagur | 26 Þ Piparkökubakstur | 26 F Annar í jólum | 26 S | 26 M Öskudagur | 26 F Foreldraviðtöl | 26 S Barnamenningarhátíð | 26 Þ | 26 F | 26 S |
| 27 Þ | 27 F | 27 S | 27 M Piparkökubakstur | 27 F | 27 M | 27 F | 27 F Foreldraviðtöl | 27 M | 27 M | 27 L | 27 M |
| 28 M | 28 L | 28 M | 28 F Piparkökubakstur | 28 L | 28 Þ | 28 F Gulur dagur m. hækkandi s | 28 L | 28 Þ | 28 F Útskrift | 28 S | 28 Þ |
| 29 F | 29 S | 29 Þ | 29 F Piparkökubakstur | 29 S | 29 M | 29 L | 29 S | 29 M | 29 F | 29 M | 29 M |
| 30 F | 30 M | 30 M | 30 L | 30 M | 30 F | | 30 M Foreldraviðtöl | 30 F | 30 L | 30 Þ | 30 F |
| 31 L | | 31 F | | 31 Þ Gamlársdagur | 31 F | | 31 Þ Foreldraviðtöl | | 31 S Hvítasunnudagur | | 31 F |